




## ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON MEÐ MEST FYLGI FORSETAFRAMBJÓÐENDA

- Maskína hefur frá áramótum spurt opið hvern Íslendingar vilja fá sem næsta forseta. Spyrja þarf opið meðan framboðsfrestur er ekki liðinn. Tæplega 46% segjast myndu kjósa Ólaf Ragnar Grímsson, næstum fjórðungur Guðna Th. Jóhannesson og rösklega 15% Andra Snæ Magnason í síðustu mælingu Maskínu, 18.-29. apríl. Það virðist vera sem að eftir að Ólafur Ragnar sagðist vilja bjóða sig fram séu kjósendur fyrst og fremst að gera uppá milli þessara þriggja. Aðrir frambjóðendur fá minna en 2%.
- Í nýjstu könnuninni, sem er gerð 18.-29. apríl, þ.e. eftir að Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnti um að hann byði sig fram, taka um 68% afstöðu og velja frambjóðanda, ennþá er því nálægt þriðjungur sem á eftir að gera upp hug sinn.
- Ólafur Ragnar á langmest fylgi meðal yngstu kjósendanna, meira en þrír af hverjum fjórum myndu kjósa hann, en 32-45% kjósenda í öðrum aldurshópum. Meira en 30% þeirra sem eru 45 ára og eldri myndu kjósa Guðna Th. en enginn kjósendi í yngsta hópnun segist ætla að kjósa hann. Andri Snær nýtur mests stuðnings meðal þeirra sem eru 25-44 ára, en rösklega 22% þeirra ætla að kjósa hann.
- Ólafur Ragnar nýtur yfirburðafylgi meðal kjósenda Framsóknarflokksins því fjórir af hverjum fimm kjósendum ætla að kjósa hann og meira en sjö af hverjum tíu kjósendum Sjálfstæðisflokksins. Minnsta stuðning á hann meðal kjósenda Bjartrar framtíðar og Samfylkingar. Guðni Th. nýtur mestar hylli meðal kjósenda Bjartrar framtíðar, Samfylkingar og Pírata en minnstan meðal kjósenda stjórnarflokkanna. Kjósendur stjórnarandstöðuflokkanna eru mun líklegri en kjósendur stjórnarflokkanna til að kjósa Andra Snæ og enginn Framsóknarmaður myndi kjósa hann samkvæmt nýjstu tölum.
- Guðni Th. var ekki ofarlega í hugum kjósenda sem forsetaframbjóðandi fyrr en um eða eftir að Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnti um sitt framboð, þ.e. eftir hina miklu umræðu í ríkisstjórnarskiptunum. Ólafur Ragnar mældist með 7-10% fylgi frá janúar til mars en fyrri partinn í apríl fór fylgið í tæplega 20% og svo í tæplega 46% eftir að hann ákvað framboð. Fylgi Andra Snæs hefur verið að vaxa frá því í janúar þegar það var tæplega 5%. Fylgi Höllu Tómasdóttur fór hæst í tæplega 6% fyrri partinn í apríl en lækkaði svo aftur eftir að Ólafur tilkynnti um framboð sitt.
- Rétt er að taka fram að í þessari könnun er spurt opið: Hver vilt þú að verði næsti forseti Íslands? Svarendur skrifa svo nafn þess einstaklings sem þeir vilja fá.
- Svarendur í janúar og febrúar voru 400 og þá voru mjög margir sem ekki tóku afstöðu. Í þremur nýjstu könnunum í mars og apríl voru svarendur á bilinu 870-1080 í hverri könnun. Í mars tóku 45% afstöðu og nefndu ákveðið nafn en 51% í fyrri hluta aprílmánaðar og 68% í seinni hluta aprílmánaðar eins og fram hefur komið. Svarendur koma úr þjóðgátt Maskínu, sem er panelhópur fólks sem er dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu, og úr Þjóðskrárúrtökum þar sem hringt var í fólk. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18-75 ára. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu samkvæmt Þjóðskrá og endurspeglar því þjóðina á þessum aldri prýðilega. Kannanirnar fóru fram dagana 2. janúar - 29. apríl 2016.
- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: [www.maskina.is](http://www.maskina.is) og hjá Þóru Ásgeirsdóttur í síma 896-4427 eða hjá [thora@maskina.is](mailto:thora@maskina.is).

# HVER VILT ÞÚ AÐ VERÐI NÆSTI FORSETI ÍSLANDS?




## Hver vilt þú að verði næsti forseti Íslands?



# HVER VILT ÞÚ AÐ VERÐI NÆSTI FORSETI ÍSLANDS? -18.-29. APRÍL



## Sp.1. Hver vilt þú að verði næsti forseti Íslands? - 18.-29. apríl



# HVER VILT ÞÚ AÐ VERÐI NÆSTI FORSETI ÍSLANDS? -18.-29. APRÍL



## Sp. 1. Hver vilt þú að verði næsti forseti Íslands? - 18.-29. apríl


	Gild svör	Ólafur Ragnar Grímsson	Guðni Th. Jóhannesson	Andri Snær Magnason	Halla Tómasdóttir	Annar aðili
	Fjöldi	%	%	%	%	%
<b>Allir</b>	<b>593</b>	<b>45,8</b>	<b>24,6</b>	<b>15,3</b>	<b>1,8</b>	<b>12,4</b>
<b>Kyn</b>						
Karl	314	48,2	22,6	15,6	1,1	12,6
Kona	279	43,1	26,9	15,1	2,6	12,3
<b>Aldur*</b>						
Yngri en 25 ára	74	<b>76,8</b>	<b>0,0</b>	10,0	0,0	13,2
25-34 ára	120	42,0	19,6	<b>22,3</b>	2,0	14,1
35-44 ára	107	<b>32,0</b>	27,4	22,2	4,0	14,5
45-54 ára	112	43,6	<b>33,1</b>	<b>9,6</b>	1,9	11,8
55 ára og eldri	179	45,2	31,3	12,3	1,2	10,1
<b>Búseta*</b>						
Reykjavík	213	<b>34,9</b>	22,6	<b>27,9</b>	1,1	13,6
Nágr.sveitarfélög Rvk.	163	47,6	<b>33,0</b>	<b>7,6</b>	2,4	9,5
Önnur sveitarfélög	217	<b>55,1</b>	<b>20,3</b>	8,9	2,2	13,5
<b>Fjölskyldutekjur*</b>						
399 þúsund eða lægri	140	<b>61,9</b>	<b>10,9</b>	15,0	0,0	12,3
400-799 þúsund	193	45,1	28,3	15,8	1,4	9,4
800 þúsund eða hærri	185	<b>28,5</b>	<b>33,6</b>	18,5	3,7	15,7
<b>Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*</b>						
Bjarta framtíð	22	<b>6,0</b>	<b>49,0</b>	34,0	0,0	11,0
Framsóknarflokkinn	39	<b>79,4</b>	<b>10,6</b>	<b>0,0</b>	0,0	10,0
Pírata	133	32,6	30,2	22,4	0,0	14,8
Samfylkinguna	37	11,8	31,8	<b>36,2</b>	0,0	<b>20,2</b>
Sjálfstæðisflokkinn	131	73,4	17,4	0,6	2,1	<b>6,5</b>
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð	86	16,5	26,8	36,0	2,6	18,1

\*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ( $p < 0,05$ ).

# HVER VILT ÞÚ AÐ VERÐI NÆSTI FORSETI ÍSLANDS? - 1.-17. APRÍL



## Sp.2. Hver vilt þú að verði næsti forseti Íslands? - 1.-17. apríl



# HVER VILT ÞÚ AÐ VERÐI NÆSTI FORSETI ÍSLANDS? - MARS



## Sp. 3. Hver vilt þú að verði næsti forseti Íslands? - Mars

